



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. /03



Í síðasta tölublaði var birt auglýsing útboðs verksins: „Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjarbraut - Ásbraut“. Þessi auglýsing er birt aftur í þessu blaði með breytingum, sjá bls. 7. Einnig er þetta verk kynnt ítarlega á bls. 3-5. Myndin hér að ofan sýnir framkvæmdasvæði (gult) og afstöðu þess miðað við kennileiti í Hafnarfirði.

Endurnýjun áskriftar

- Sendið tölvupóst til: jg@vegagerdin.is þar sem fram kemur nafn og heimili áskrifanda.
- Eða sendið þessa síðu sem símbréf í 522 1079.
- Eða hringið í aðalsímanúmer Vegagerðarinnar 522 1000, segið sínavörðum erindið og nafn og heimilisfang.

Endurnýjun áskriftar, ítrekun

Í síðasta tölublaði voru birt tilmæli til áskrifenda um að endurnýja áskrift sína með því að hafa samband við okkur. Þetta er ítrekað hér. Þeir sem hafa ekki samband fyrir föstudaginn 4. apríl detta af lista hjá okkur og fá ekki næsta blað.

Ef einhver er ekki viss um hvort búið sé að endurnýja áskrift fyrirtækisins er í góðu lagi að hafa samband því það skaðar ekki að endurnýja tvisvar. Við sjáum það í okkar gögnum.

Við leggjum áherslu á að allir þeir sem fá blaðið í dag og hafa af því gagn og/eða gaman geta fengið áskrift áfram. Þeir þurfa bara að hafa samband við okkur. Við viljum hins vegar losna við áskriftir sem ekki koma að neinum notum og blöðum er hent án skoðunar. Áskrift verður áfram endurgjaldslaus.

Athugið að allir áskrifendur þurfa að hafa samband, líka þeir sem hafa nýlega áskrift.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 11. árg. nr. 332 31. mars 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Víktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Nýr yfirmaður stjórnsýslusviðs



Kristín H.
Sigurbjörnsdóttir

Þegar Gunnar Gunnarsson var ráðinn í stöðu aðstoðarvegamála-
stjóra losnaði staða fram-
kvæmdastjóra stjórnsýslusviðs
Vegagerðarinnar. Vegna endur-
skoðunar á stjórnskipulagi Vega-
gerðarinnar sem nú er að hefjast
verður ekki ráðið í þessa stöðu
en Kristín H. Sigurbjörnsdóttir
hagfræðingur sett í hana tíma-
bundið. Kristín er forstöðumaður
hagdeildar og mun sinna því
starfi áfram.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003 03-036

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í
verkið „Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003“.

Helstu magntölur: yfirlagnir 352.000 m², tvöföld
klæðing 29.000 m², burðarlag 12.000 m³.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í
Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeg-
inum 31. mars 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu-
daginn 14. apríl 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15
þann dag.

Niðurstöður útboða

Yfirborðsmerkingar sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003 - 2004 03-024

Tilboð opnuð 24. mars 2003. Verkið „Yfirborðsmerkingar
sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003 - 2004“.

Helstu magntölur, mössunarvinna:

stakar merkingar 1.600 m², örvar 1.800 m², línur 5.000 m².
Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	21.396.600	100,0	1.534
2	Vegmerking ehf., Reykjavík	20.457.180	95,6	595
1	Vegamál ehf., Reykjavík	19.862.500	92,8	0

Suðurfjarðavegur (96), um Handarhald og Hundapúfu 03-018

Tilboð opnuð 24. mars 2003. Austurlandsumdæmi.
Endurbætur á Suðurfjarðavegi um Handarhald á 0,7 km
kafla og um Hundapúfu á 0,4 km kafla.

Helstu magntölur: fyllingar 5.000 m³,
bergskeringar 2.700 m³, neðra burðarlag 2.500 m³.
Verki skal að fullu lokið fyrir 10. júlí 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	9.957.500	123,6	2.674
4	Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík	8.943.000	111,1	1.660
3	Guðjón Sverrisson, Egilsstöðum	8.443.194	104,8	1.160
---	Áætlaður verktakakostnaður	8.053.000	100,0	770
2	Bæjarós ehf., Djúpvaggi	7.800.000	96,9	517
1	Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði	7.283.500	90,4	0

Aðaldalsvegur (845), Helgastaðir - Lindahlíð 03-028

Tilboð opnuð 24. mars 2003. Norðurlandsumdæmi.

Nýbyggingu á 5,8 km löngum kafla á Aðaldalsvegi frá
Helgastöðum að Lindahlíð. Helstu magntölur:
fyllingar 24.300 m³, burðarlög 30.200 m³, klæðing neðra
lag 43.000 m², frágangur fláa 70.100 m², rofvarnir 300 m³.
Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7	E.K. vélar ehf., Kópavogi	39.132.240	113,3	8.392
6	Klæðning ehf., Kópavogi	37.113.900	107,4	6.373
---	Áætlaður verktakakostnaður	34.546.447	100,0	3.806
5	Alverk ehf., Aðaldal	34.113.050	98,7	3.373
4	Reynir Ingvarsson, Aðaldal	33.632.260	97,4	2.892
3	G. Hjálmarsson hf., Akureyri	31.591.080	91,4	851
2	Guðmundur S. Ólafsson, Öxarfirði	31.479.706	91,1	739
1	Fjörður sf., Sauðárkróki	30.740.520	89,0	0



Viktor Arnar Ingólfsson
ritstjóri skrifar

Framkvæmdafréttir 8 bls. að þessu sinni

Eins og dyggir lesendur taka eftir er
þetta tölublað 8 blaðsíður í stað 4 sem
hefur verið föst stærð undanfarin ár.
Þetta er fyrst og fremst vegna fjölda
útboða sem nú er í gangi og því þarf
meira pláss að þessu sinni. Blaðið mun því minnka aftur en þó
verður þessi möguleiki fyrir hendi þegar óvenju mikið efni
liggur fyrir.

Nú stendur yfir endurnýjun áskrifta og hafa viðbrögð við því
verið mjög góð. Við höfum fengið margar góðar kveðjur frá
lesendum og er ljóst að margir kunna að meta þessa viðleitni
Vegagerðarinnar til að kynna starfsemi sína.

Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, malbik 03-011

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, malbik“.

Helstu magnþölur eru: endurlögn með upphitun og viðbótarmalbiki (repave) 58.000 m², yfirlögn 42.000 m², malbik (viðbót í endurlögn innifalið) 8.300 tonn.

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 31. mars 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Tilboðum skal skila á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 14. apríl 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

Yfirlagnir á Austurlandi 2003 03-021

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir á Austurlandi 2003“. Um er að ræða yfirlagnir, nýlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magnþölur: yfirlögn 557.000 m², klæðing neðra lag 760 m², hjólfarayfirlögn og ræmur 31.000 m², bætur og stútar 60.000 m².

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 31. mars 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 14. apríl 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð Reykjanesbrautar í Hafnarfirði, á milli Lækjargötu og Ásbrautar. Auglýsingin er birt að nýju í þessu tölublaði með breyttri dagsetningu skila tilboða en skilum var frestað um viku vegna eindreginna tilmæla verktaka. Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn eru unnin af eftirtöldum fyrirtækjum:

Línuhönnun verkfræðistofa, Almenna verkfræðistofan hf., VSB verkfræðistofa, Studio Granda, Landmótun.

Á næstu opnu er yfirlitsmynd framkvæmdarinnar. Veruleg breyting verður á legu Reykjanesbrautar sem nú mun liggja sunnan við kirkjugarðinn. Tvær akreinar verða í hvora átt á meginhluta kaflans en vestast verður ein akrein í hvora átt og tengist kaflinn þannig við núverandi veg. Það er bráðabirgðaráðstöfun þar til framkvæmdir hefjast við tvöföldun Reykjanesbrautar vestan Hafnarfjarðar.

Markmið með tvöföldun og færslu Reykjanesbrautar er að auka öryggi vegfarenda og bæta þjónustustig vegarins sem

stofnbrautar. Í þessum tilgangi verða gatnamót mislæg og sömuleiðis göngubveranir.

Kaldárselsvegur verður lagður frá núverandi legu Reykjanesbrautar að Ásbraut. Hann mun liggja á brú yfir Reykjanesbraut. Hún verður 62 m löng og 16 m breið, eftirspennt steinsteypt plötubrú, tvö höf með steiptum miðstöpli og endastöplum. Tvær slaufur og rampar tengja Kaldárselsveg við Reykjanesbraut.

Vestan kirkjugarðs verður byggð göngubrú yfir Reykjanesbraut, 73 m löng og 4 m breið, eftirspennt steinsteypt plötubrú yfir fjögur höf. Stöplar verða steinsteyptir.

Gerð verða steinsteypt undirgöng undir Reykjanesbraut fyrir Hamarskotslæk og gangandi umferð. Þau verða 55 m löng og 21 m breið.

Framkvæmdinni fylgir landmótun við vegi, stíga brýr og undirgöng. Einnig gerð settjarnar.

Verkinu á að vera lokið í júlí 2004.



Tölvumynd af nýrri Reykjanesbraut. Núverandi vegur sem sést á miðri mynd verður ekki tengdur í austur og mun líklega framvegis þjóna sem aðkoma í kirkjugarð sem þarna verður samkvæmt skipulagi.

